



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda reikninga í innheimtu

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 22. ágúst 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Hversu margir reikningar frá skóla - og frístundasviði hafa verið sendir í innheimtu, skipt eftir þjónustu (grunnskólamáltíðir, frístundir og önnur gjöld), það sem af er ári?

Svar:

Af 49.314 reikningum sem gefnir voru út vegna skólamáltíða á tímabilinu janúar til maí 2022 fóru 2.152 reikningar í milliinnheimtu eða 4,36% reikninga.

Af 30.077 reikningum sem gefnir voru út vegna leikskólagjalda á tímabilinu janúar til maí 2022 fóru 788 reikningar í milliinnheimtu eða 2,62% reikninga.

Af 20.378 reikningum sem gefnir voru út vegna frístundastarfs á tímabilinu janúar til maí 2022 fóru 687 reikningar í milliinnheimtu eða 3,37% reikninga.